

Rautt – nýtt/umorðað

Blátt – bætt úr annarri grein

Gult – viðbót við það sem var lagt fram 1. apríl 2020

Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

I. kafli Almenn atriði

1. gr.

Lagagrundvöllur ~~Inntak fjárhagsaðstoðar~~

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla reglna þessara.

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, m.a. vegna heimilisstofnunar, náms eða óvæntra áfalla, sbr. IV. kafla reglna þessara.

Skal þess gætt að hvetja umsækjanda til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, styrkja hann til sjálfshjálpar og virða sjálfsákvörðunarrétt hans, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Félagsleg ráðgjöf skal standa umsækjanda til boða, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 9. gr. reglna þessara. Skal þjónustan miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu og taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og aðstæðum hvers og eins.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, ~~með síðari breytingum sbr. og 16. og 17. gr. reglna þessara.~~

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og skal kanna rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki.

~~Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði velferðarráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.~~

2. gr.

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára, sbr. hjúskaparlög nr. 31/1993 og 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón.

3. gr.

Mat á fjárförf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur. Heimilt er að lækka grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í ákveðnum tilvikum, sbr. 11. gr. reglna þessara. Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar og fjárhagsaðstoð veitt í samhengi við aðra þjónustu og stuðning sem umsækjandi fær frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

4 gr.

Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Skal umsækjandi dvelja á Íslandi á því tímabili sem hann fær fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Þurfi fólk einstaklingur á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi vegna slysa, veikinda eða af öðrum brýnum orsökum er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag umsækjanda og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn að fullu, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 24. gr. og 25. gr. reglna, þessara sbr. og 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Lán eru vaxtalaus.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni

Gildistími umsóknar um fjárhagsaðstoð til framfærslu

Fjárhagsaðstoð til framfærslu skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Móttaka umsóknar um fjárhagsaðstoð til framfærslu ákvarðar fyrir hvaða mánuð umsókn gildir.

Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins eða greiðslur frá Fæðingarorlofssjóði og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rökstuddar ástæður þurfa

að liggja að baki ef aðstoð er veitt aftur í tímann og verður skilyrðum reglna þessara fyrir fjárhagsaðstoð að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

II. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

8. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á vefsíðu Reykjavíkurborgar og undirrita með rafrænum skilríkjum. Umsókn getur einnig verið lögð fram á sérstöku eyðublaði hjá þjónustumiðstöð, undirrituðu af umsækjanda sem þá skal framvísa gildu persónuskilríki með mynd.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri, upplýsingar um skráningu í nám ~~og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir~~. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir eignir og tekjur vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bönkum, sparisjóðum, lánastofnunum eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og feðralaun.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leggja fram staðfestingu þess efnis ásamt staðfestingu á réttindastöðu sinni hjá Vinnumálastofnun ~~og greiðslu bóta~~. Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi. Hafi umsækjandi hvorki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sinnt virkni, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil, sbr. 11. gr. reglna þessara. ~~Njótí umsækjandi réttar til atvinnuleysisbóta skal hann framvísa staðfestingu frá Vinnumálastofnun um greiðslu bótanna.~~

Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda eða hann er ekki fær um að sinna atvinnu vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði sem skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á óvinnufærni og áætlun um endurhæfingu, þegar við á. Læknisvottorð skal ~~að jafnaði~~ ekki vera eldra en tveggja vikna þegar það er lagt fram og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu. Réttur til fjárhagsaðstoðar getur myndast í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Umsækjandi skal skila inn nauðsynlegum gögnum í síðasta lagi tveimur vikum eftir að umsókn hefur verið undirrituð. Að öðrum kosti skal umsókn synjað á grundvelli ófullnægjandi gagna. Heimilt er að synja umsókn um fjárhagsaðstoð ef umsækjandi neitar að veita upplýsingar um fjárhag sinn og/eða maka síns eða aðrar upplýsingar, sbr. 3. mgr. 8 gr. reglna þessara.

9. gr.

Félagsleg ráðgjöf og samráð

Kanna skal sérstaklega aðstæður umsækjanda sem fengið hefur fjárhagsaðstoð lengur en þrjá mánuði. Samhliða skal veita félagslega ráðgjöf sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum. Gera skal einstaklingsáætlun þar sem hafa skal samvinnu og samráð að leiðarljósi, sbr. 8. gr. og 58. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

III. kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Mat á fjárþörf og Útreikningur fjárhagsaðstoðar

10. gr.

Grunnfjárhæðir

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 207.709 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnaði eða leigir húsnaði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnaðið.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 332.334 kr. (207.709 x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnaði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnaði er 175.006 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 103.854 kr. (207.709:2). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 175.006 kr. á mánuði.

(Fært úr kafla um heimildargreiðslur)

Til viðbótar við grunnfjárhæð skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. **Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast beint til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.**

Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Foreldri sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum fær sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn með lögheimili og á framfæri foreldris sem er í daggæslu í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Miðað er við að aðstoðin nemi sömu upphæð og foreldrar greiða í náms- og fæðisgjald fyrir átta stundir á leikskólum Reykjavíkurborgar. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana.

Unglingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

Að jafnaði eiga þeir sem dvelja á hjúkrunarheimili ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

11. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa, skal greiða hálfa grunnfjárhæð ~~upphæð~~ til framfærslu, sbr. ~~ákvæði~~ 11. gr. reglna þessara, í tvo mánuði nema veigamiklar ástæður sem koma fram í mati mæli gegn því.

Lækkun fjárhagsaðstoðar hefst þegar fyrir liggur staðfesting á því að umsækjandi hafi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu. Sama gildir um umsækjanda sem sætir viðurlögum eða er á biðtíma samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar. Þá skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu verði umsækjandi uppvís að því að stunda atvinnu án þess að upplýsa um tekjur.

Heimilt er að greiða hálfa grunnfjárhæð til umsækjanda sem ekki sinnir kröfu um staðfestingu á atvinnuleit hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa. Sama gildir um umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni, endurhæfingu eða námi og/eða stendur ekki við einstaklingsáætlun, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við félagsráðgjafa gera einstaklingsáætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Sinni einstaklingur ekki einstaklingsáætlun skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu þann mánuð og mánuðinn á eftir nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því. Læknisvottorð skal útgefið af heilsugæslu- eða sérfræðilækni umsækjanda **og ekki til lengri tíma en þriggja mánaða. Í læknisvottorði skal koma fram mat læknis á vinnufærni og áætlun**

um endurhæfingu þegar það á við. Læknisvottorð skal ekki vera eldra en tveggja vikna þegar það er lagt fram.

Taka skal mið af félagslegum aðstæðum barna áður áður en ákvörðun er tekin um lækun fjárhagsaðstoðar til einstaklinga sem eru með börn á framfæri.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf, sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 33. gr. reglna þessara.

12. gr.

Tekjur og eignir umsækjanda

Með tekjum er átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.fl.

Allar tekjur einstaklingsins/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur húsnaðis-/vaxtabætur og/eða sérstakur húsnaðisstuðningur, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralaun reiknast umsækjanda til tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna. Hið sama á við ef umsækjandi á rétt á greiðslum frá öðrum aðilum, hvort sem hann hefur skilað minnisblaði atvinnuleitanda eða ekki nema framvísað sé læknisvottorði.

Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar, allt að kr. 300.000, fyrsta mánuðinn sem umsækjandi leitar eftir fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Þjónustumiðstöð er heimilt að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, fyrsta mánuðinn eftir að greiðslum lýkur.

Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Við afgreiðslu mat á fjárhagsaðstoðar sé er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka, og meðlögum ef við á.

Húsaleigu-Húsnaðis- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og/eða húsaleigu húsnaðisbóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnaði til eigin nota og eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþinggreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Ef

umsækjandi, maki hans eða sambýlisaðili, á eignir sem nýtast geta til framfærslu á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

13. gr.

Greiðslur meðlags

~~Þegar tekjur umsækjanda eru við eða lægri en Heimilt er að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur umsækjanda um einstaklings sem fær greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu. Greitt er beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. samkvæmt reglum þessum skal taka tillit til meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi greitt með reglulega fram að þeim tíma að hann fær fjárhagsaðstoð. Hækkar-Fjárhagsaðstoðin hækkar sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir. Liggi fyrir samkomulag við Innheimtustofnun sveitarfélaga um greiðslu meðlagsskuldar er heimilt að greiða áfallandi meðlagsgreiðslur. Skilyrði er að barn/börn umsækjanda séu með lögheimili á Íslandi.~~

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur ~~og~~ sjálfstætt starfandi einstaklingar ~~og fólk í hlutastörfum~~, sem hafa/~~hefur~~ lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að viðkomandi hafi ~~umsækjandi geti sýnt fram á að hafa~~ stöðvað atvinnurekstur sinn og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, sbr. og 4. 6. mgr. 1. gr. reglna þessara.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá ~~vinnumiðlun~~ Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

15. gr.

Framfærsla í námi á framhaldsskólastigi Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 18. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt 11. gr. reglna þessara ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

~~Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu þeirra sem stunda nám á framhaldsskólastigi og eiga ekki rétt á framfærslu frá öðrum aðilum.~~

Framfærslu í námi á framhaldsskólastigi er heimilt að veita til einstaklinga frá 18 ára aldri sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla og langvarandi félagslegra erfiðleika og eiga ekki rétt á framfærslu frá öðrum aðilum.

Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt 10. gr. reglna þessara. Ætíð skal liggja fyrir mat á félagslegum aðstæðum. ~~enda sé~~ Alla jafna er um að ræða fullt nám á hverri önn eða til samræmis við fyrirbyggjandi einstaklingsáætlun.

Framfærslu í námi á framhaldsskólastigi er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum:

- a) ~~Til einstaklinga á aldrinum 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla og langvarandi félagslegra erfiðleika.~~
- b) ~~til einstæðra foreldra á aldrinum 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og haft hafa atvinnutekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, sbr. 1.mgr. 11. gr. reglna þessara, undanfarna tólf mánuði. Skilyrði er að umsækjandi hafi átt í félagslegum erfiðleikum.~~
- c) ~~til einstaklinga á aldrinum 18-24 ára sem ekki hafa lokið framhaldsskóla og eiga eftir ólokið að hámarki tvær annir. Um sé að ræða einstakling sem ekki hefur tök á að vinna með skóla og fyrir liggur mat á því að ef ekki komi til aðstoðar sé ljóst að viðkomandi flosni upp úr námi.~~
- d) ~~til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið námi grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.~~
- e) ~~Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við tekjulaga foreldra sem átt hafa í langvarandi félagslegum erfiðleikum. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld. Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna~~

Starfsmaður og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf

Einstaklingsáætlun skal liggja fyrir þar sem markmið með námi koma fram, kemur m.a. hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir sem og staðfesting á hlutfallslegri þátttöku í námi ef ekki er um fullt nám að ræða. Að jafnaði skal miða við 90% mætingu. Einkunnum skal þó ætíð skilað við lok hverrar annar. í annarlok Skal námið vera liður í valdeflingu umsækjanda.

~~Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.~~

~~Ákvarðanir um námskostnað~~ Ætíð er um tímabundna aðstoð að ræða. Ákvarðanir um framfærslu í námi skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

~~Menntunarmeðlag~~ Framlag til menntunar sem umsækjandi kann að fá, reiknast honum til tekna.

Gildistími umsóknar er ~~tveir~~ þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

16. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri í eftirtöldum tilvikum. Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

~~a) Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Um er að ræða börn sem eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 16.671 kr. á mánuði.~~

~~Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.~~

a) Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða 16.671 kr. fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

b) Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar eða á grundvelli einstaklingsáætlunar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku

barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

~~Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti, og þjónustutryggingu leikskóla.~~

- c) Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum ~~aðstoð~~ ~~fjárf styrk~~ í tengslum við dvöl barns utan heimilis í sex mánuði eða skemur. Ávallt þarf að liggja fyrir ~~einstaklingsáætlun~~, ~~samkomulag um félagslega ráðgjöf~~.

Gildistími umsóknar er ~~tveir~~ **þrír** mánuðir frá samþykkisdegi.

17. gr.

Námskostnaður barna í skóla fjarri heimabyggð

Ef sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í ~~Reykjavík/heimabyggð~~. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð ~~vegna náms barna fjarri heimabyggð er~~, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

18. gr.

~~Námsstyrkur~~ Styrkur vegna innritunarkostnaðar og kaupa á námsgögnum

~~Umsækjandi sem fær samþykktu fjárhagsaðstoð til framfærslu vegna náms samkvæmt 15. gr. reglna þessara skal jafnframt eiga kost á að fá styrk vegna innritunarkostnaðar og kaupa á námsgögnum. innritunarkostnaðar og bókakostnaðar.~~

Einnig er heimilt að veita tekjulágum foreldrum, ~~sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að etja~~, fjárf styrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra ~~vegna innritunarkostnaðar og kaupa á námsgögnum~~. Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn.

Hámarksfjárhæð vegna innritunarkostnaðar fyrir hverja önn er 20.000 kr. Hámarksfjárhæð vegna kaupa á námsgögnum fyrir hverja önn er 25.000 kr. Greitt er gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittana.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

19. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- Til einstaklings sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.
- Til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaus, ~~sem~~ fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- Þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum.
- Þegar um er að ræða einstaklinga/hjón/sambúðarfólk sem eiga í félagslegum erfiðleikum og þurfa aðstoð vegna kaupa á nauðsynlegum heimilistækjum. Skilyrði er að viðkomandi hafi fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum síðastliðna þrjá mánuði.
- Til einstaklings sem er eignalaus, er að stofna heimili í fyrsta sinn eða að nýju og hefur átt í miklum og langvarandi félagslegum erfiðleikum, auk þess að vera í eða hafa nýlokið endurhæfingu.**
- Til einstaklings sem er að stofna heimili, er með miklar og flóknar þjónustubarfir og hefur verið heimilislaus.**

Viðmiðunarmörk aðstoðar **eru allt að 100.000 kr.** ~~nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli í herbergi á heimili fyrir fatlað fólk, þá eru mörkin 50.000 kr.~~ **Greitt er gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittana.**

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

20. gr.

Greiðsla sérfræðiaðstoðar

- Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga **á Íslandi** til einstaklinga sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum, samfleytt undanfarna 12 mánuði.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru ~~40.000~~ kr. **80.000** á ári.

Kostnaðaráætlun tannlæknis skal fylgja með umsókn.

- Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu viðtala **hjá viðurkenndum meðferðaraðilum sem hafa starfsleyfi frá Embætti landlæknis, s.s. félagsráðgjöfum, sálfræðingum, eðlæknium og áfengis- og vímuefnaráðgjöfum. Sérfræðiaðstoðin skal vera,** ef það er liður í umfangsmeiri félagslegri aðstoð og fyrirsjáanlegt að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan þjónustumiðstöðvar eða á vegum heilbrigðisstofnana.

a) Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.

b) Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.

~~Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 55.000 kr. á ári.~~

Að jafnaði skal veita aðstoð að hámarki fimm tíma í senn og að hámarki tíu tíma á 12 mánaða tímabili.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

21. gr.

Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Viðmiðunarmörk eru ~~160.000~~ 250.000 kr.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum, staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignaleysisyfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991 eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita tekjulágum eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnaði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita foreldri eða foreldrum sem fengið hefur/hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum **útfararstyrk vegna útfarar barns þess.** ~~fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.~~

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

22. gr.

Áfallaaðstoð

Heimilt er að veita tekjulágum einstaklingum eða fjölskyldum með tekjur undir grunnfjárhæð eða á mörkum hennar, fjárhagsaðstoð vegna skyndilegs missis búslóðar eða annars eignamissis sem orðið hefur vegna bruna eða náttúruhamfara. Aðstoðin kemur einungis til álita þegar tjónþoli hefur ekki haft heimilistryggingu eða aðra tryggingu sem bætir tjónið.

Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð til þeirra sem haft hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum til heildarþrifa á íbúð sem er orðin það heilsuspillandi að illmögulegt er að búa við þær aðstæður. Skilyrði er að lögð séu fram gögn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar þar að lútandi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

23. gr.

Ábyrgðaryfirlýsing vegna Lán og/eða styrkur til tryggingar húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr., til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan. Skilyrði er að umsækjandi eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við vinnufnávanda og/eða geðræna erfiðleika auk þess að hafa jafnframt átt í margháttaðum húsnæðiserfiðleikum margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika og miklum félagslegum erfiðleikum því fylgjandi er heimilt að veita lán og/eða styrk til tryggingar húsaleigu, að hámarki 600.000 kr.

Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Skilyrði 2.-4. mgr. 25. gr. reglna þessara skulu vera uppfyllt sé veitt aðstoð samkvæmt þessu ákvæði.

~~Þinglýstur~~ Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal afriti af þinglýstum húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir.

~~eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.~~

Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán.

Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili ári.

24. gr.

Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika, að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- Umsækjandi hafi fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum undanfarna sex mánuði eða lengur.
- Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.

- c) Fyrir liggi yfirlit starfsmanns þjónustumiðstöðvar eða umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- d) Fyrir liggi á hvern hátt lán eða styrkur muni ~~breyta skuldastöðu~~ **styrkja félagslega stöðu** umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið.
- e) Fyrir liggi ~~samkomulag um félagslega ráðgjöf~~ **einstaklingsáætlun** og/eða fjármálaráðgjöf þegar það á við.

Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né til greiðslu skulda við einkaaðila.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

25. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns

Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi láns skal uppfylla öll skilyrði 24. gr. reglna þessara.

Auk þess skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) Fyrir liggi mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.
- b) Umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- c) Umsækjandi skal ekki hafa fengið afskrifað lán frá Reykjavíkurborg á síðustu 12 mánuðum.

Uppfylla skal ofangreind skilyrði þegar lán er veitt á grundvelli annarra ákvæða í reglum þessum.

Hámark láns sem hægt er að samþykkja á þjónustumiðstöð er 300.000 kr. **Í þeim tilfellum sem um er að ræða ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu samkvæmt 23. gr. reglna þessara getur hámarksfjárhæð þó numið 600.000 kr.**

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

Hámarkslánstími er sex ár.

Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá Reykjavíkurborg fyrir.

26. gr.

Sérstök fjárhagsaðstoð í desember

Veita skal þeim sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfelld, sérstaka desemberuppbót sem nemur 25% af grunnfjárhæð.

Þeir sem hafa haft **tekjur** til framfærslu **sem** samsvarandi upphæð **fjárhagsaðstoðar til framfærslu** fyrir sama tímabil eiga einnig rétt á uppbótinni.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi.

27. gr.

Sérstök aðstoð vegna stuðningsvinnu og /eða annarra sérstakra aðstæðna

- a) Heimilt er að veita sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita markvissan stuðning. Aðstoðin miðar að því að viðhalda árangri sem náðst hefur með **úrræðum og/eða** stuðningsvinnu. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum **og að einstaklingsáætlun hafi verið gerð.**
- b) Heimilt er að veita styrk til foreldra vegna sérstakra þarfa barna enda sé það hluti af umfangsmikilli stuðningsáætlun og til þess fallið að tryggja að árangur vinnu í máli viðkomandi glattist ekki. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum.
- c) Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til einstaklinga sem sýna fram á að þeir njóti augljóslega ekki fjárhagslegs ávinnings af því að búa með öðrum.

Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá ~~umsóknar~~ **samþykkisdegi.**

V. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, **nr. 40/1991.**

28. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef ~~þjónustumiðstöð berast~~ upplýsingar um nauðsyn á aðstoð **berast** með öðrum hætti.

~~Þjónustumiðstöð~~ **Taka** skal ~~taka~~ ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

29. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, ~~að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.~~

30. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

31. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið þjónustumiðstöðvar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

32. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá ~~skriflegt~~ svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

33. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur þjónustumiðstöð ~~velferðarsvið~~ **Reykjavíkurborgar** endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

34. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar ~~velferðarsviðs~~ **velferðarsviðs** taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi fer fram á það með sérstakri beiðni og greinargerð frá þjónustumiðstöð liggur fyrir.

35. gr.

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

~~Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sem hafa umboð til að taka Ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að velferðarráð Reykjavíkurborgar fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.~~

~~Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.~~

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun. Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að áfrýjunarnefnd velferðarráðs fjalli um umsóknina en slík beiðni skal berast áfrýjunarnefnd velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs skal kynnt umsækjanda **bréflega** og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

36. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar **velferðarmála** félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

Umsækjandi getur kært ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var kunngerð ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs.

37. gr.

Gildistaka

~~Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð, taka gildi 1. janúar 2011.~~

Reglur þessar byggja á 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, og eldri reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem tóku gildi þann 1. janúar 2011. Reglur þessar taka gildi þann **1. mars 2021** og við gildistöku þeirra falla úr gildi eldri reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2010 og á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2010 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði. Tilraunatímabilið mun standa frá 1. júlí 2019 til 31. desember 2021.